

//Á döfinni//

...: Jólabingó ...:

Jólabingó foreldrafélagsins verður haldið föstudaginn **1. desember** í matsal skólans kl. 19:00. Spjaldið kostar kr. 400.

Að venju verða glæsilegir vinningar í boði og sjoppan til styrktar ferðasjóði

nemenda opin gestum og gangandi.



...: Aðventuhátíð ...:

Kvenfélagið Eining er með sína árlegu aðventuhátíð á Laugalandi sunnudaginn **3. desember** milli kl. 13.00-16.00. Kveikt verður á jólatrénu kl. 13.30 og jólaveinarnir mæta á svæðið.

...: Jólaprófin ...:

Jólapróf hefjast föstudaginn **8. desember** og þeim lýkur fimmtudaginn **14. desember**. Að jafnaði er eitt próf á dag. Kennit er samkvæmt stundaskrá þessa daga.

...: Föndurdagur ...:

Föndurdagurinn verður föstudaginn 15. desember. Þá föndrum við og skerum út laufabrauð. Gott er að nemendur taki með sér kerti til að skreyta, laufabrauðshníf og ílát undir laufabrauðið.

Við bjóðum foreldra og forráðamenn barna í 1. - 4. bekk velkomna í skólann þennan dag til að taka þátt í föndrinu með börnum sínum.

Best er að koma á bilinu milli kl. 09:10 - 11:10.

Gaman væri ef allir tækju með sér jóla-sveinahúfu.



// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Dagur íslenskrar tungu ...:



Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Laugalandsskóla, fimmtudaginn 16. nóvember. Börnin í leiksskólanum fengu heldur betur góða gesti til sín þegar 1. og 2. bekkur sótti þau heim og fluttu leikritin *Vindurinn og sólin*, *Bakkabræður* og *Konungur fuglana* sem æfð höfðu verið í tilefni dagsins.

Þá var vel tekið á móti foreldrum nemenda í 3. og 4. bekk sem fylgdust með fjölbreyttri skemmtidagskrá. 3. bekkur flutti stórskemmtilegt brúðuleikrit sem fjalla-



ði um mikilvægi samvinnu, 4. bekkur var með upplestur á ljóðinu Ísland eftir afmælisbarnið Jónas Hallgrímsson og svo söng allur hópurinn nokkur vel valin lög.

Nemendur í 5. til 7. bekk



völdu sér ljóð til að vinna með í hópavinnu í tónmennt sem þau svo fluttu hvert fyrir annað á afar fjölbreyttan hátt.

Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina hófst formlega þennan dag og nemendur í 7. og 8. bekk fluttu af því tilefni ljóðið Gott og vont.

Dagurinn var fjölbreyttur og skemmtilegur þar sem íslensk tunga var í forgrunni.



...: Æfingadagur ...

Mánudaginn 18. desember er æfingadagur. Þann dag eru lokaæfingar fyrir litlu jólin. Jafnframt skreyta nemendur kennslustofur sínar og þá eru síðustu forvöð að setja jólakortin í póstkassa skólans.

...: Generalprufa ...

Þriðjudaginn 19. des. verður jólahlaðborð og generalprufa fyrir litlu jólin.



...: Litlu jólin ...

Miðvikudaginn 20. desember höldum við okkar hefðbundnu litlu jól frá kl. 09:30-12:20. Þá bjóðum við öllum að koma og sjá leikrit, söngva og annað sem við höfum æft og gleðjast saman.

Að venju aka skólabílar nemendum til og frá skóla. Kl. 09:40-10:30 verða nemendur í stofum sínum með umsjónarkennurum og skiptast á jólakortum og fá einkunnir.

Kl. 10:40 mæta foreldrar og aðstandendur því þá hefst jóla- og skemmtidagskrá.

Frá kl. 11:40-12:20 verður dansað í kringum jólatréð og jólafrí hefst svo að loknum litlu jólunum.



...: Laugaland 1936 til 2017 ...

„Laugaland 1936 til 2017“ er titill á mynddiskum sem segja sögu Laugalands í máli og myndum.



Olgeir Engilbertsson, bóndi í Nefsholti og fyrrum húsvörður Laugalandsskóla tók efnið saman. Hann hefur gefið skólanum og bókasafninu diska svo nemendur og kennarar geti fræðst um sögu Laugalands á merkum tímamótum, en skólinn er nú á sínu 60. starfsári.

Allar myndir og kvikmyndir eru teknar af Olgeiri sem einnig sá um samsetningu, klippingu og hljóðsetningu, en hann er jafnframt þulur.

Í myndinni koma skemmtilega fram allar breytingar á umhverfi Laugalands frá 1936 til 2017. Diskarnir eru tveir, samtals 150 mínútur.

Við þökkum Olgeiri Engilbertssyni fyrir þessa höfðinglegu gjöf og ekki síður þá elju

og dugn-að sem hann hefur lagt í verkið til að forða frá gleymsku ýmsum fróðleik um sögu staðarins.

...: Jól í skókassa ...

Fimmtudaginn 2. nóvember fengum við skemmtilega gesti frá Úkraínu í skólann. Þeir komu ásamt Þórhöllu Þráinsdóttur að kynna verkefnið „Jól í skókassa“. Það felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til að gleðja krakka sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Gestirnir sýndu m.a. myndir frá því þegar munaðarlaus börn í Úkraínu opnuðu jólapakkana sína frá Íslandi. Í ár kynntu þeir verkefnið sérstaklega fyrir nemendum í 1., 5. og 6. bekk, en öllum var velkomið að taka þátt. Þórhalla heimsótti okkur svo aftur fyrir skemmstu og tók við fjölda jólapakka sem krakkarnir höfðu útbúið.

